

*1. ársfundur Starfsgreinasambands Íslands, 18. og 19. október*  
*Setningarávarp Halldórs Björnssonar, formanns*

---

Góðir félagar

Ég vil byrja á að bjóða ykkur velkomin til þessa fyrsta ársfundar Starfsgreinasambands Íslands.

Það er ótrúlegt að það sé ekki nema ár síðan við stofnuðum Starfsgreinasambandið. Svo mikið hefur gerst og svo miklu höfum við áorkað. Það er ástæðulaust að rifja það upp í smáatriðum hvernig ástandið var í okkar röðum fyrir rúmu ári síðan. Það er nóg að við höldum því til haga að við vorum meira og minna sundraður félagsskapur. Við gengum ekki í takt.

Það er því ljóst að viðræðunefnd um sameiningu Verkamannasambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks og Þjónustusambands Íslands hafði með höndum meira og flóknara verkefni en það eitt að sameina þrjú landssambönd. Það þurfti líka að sætta ólík sjónarmið innan þeirra. Sumir töldu jafnvel að vandinn væri það mikill, að þetta væri óvinnandi vegur við þær aðstæður sem ríktu.

Það er rétt að minna á slagorð stofnfundarins, **Sameinuð til sóknar**. Þetta var ekki bara slagorð í þeim skilningi að ekki ætti að gera neitt með það. Þegar að loknum stofnfundinum hóf framkvæmdastjórn hins nýstofnaða sambands að vinna í anda þessa slagorðs. Hún skilgreindi tvennt sem sín meginverkefni. Annars vegar að styrkja innviðina og hins vegar að styrkja einingarnar. Hvað felur þetta í sér góðir félagar?

Það er engin launung að ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að stækka og styrkja félagseiningarnar. Á það hef ég lagt höfuðáherslu í öllum mínum

störfum fyrir verkalyðshreyfinguna á undanförunum árum. Ég held að það geti ekki bara flokkast undir karlagrobb þó ég haldi því fram að við höfum náð verulegum árangri. Einingar hafa verið að styrkjast og sameiningarhrinan sem var komin í gang hefur haldið áfram á þessu ári sem er liðið frá stofnun Starfsgreinasambandsins. Það er því algjörlega ástæðulaust að vera með einhverja minnimáttarkennd.

Í ræðu minni á stofnfundinum fyrir réttu ári varð mér tíðrætt um mikilvægi starfs- og endurmenntunar. Það er mín skoðun að við þurfum ekkert að ganga með veggjum út af árangrinum í því sambandi heldur. Ég er þar að vísa í starf starfsmenntasjóðanna, Starfsafls og Landsmenntar. Starf þeirra beggja hefur farið mjög kröftuglega af stað. Fyrstu mánuðirnir fóru í undirbúningsstarf og að ráða starfsfólk. Núna er hið eiginlega starf sjóðanna hins vegar komið á fullt skrið. Það sjáum við á öllum þeim verkefnum sem hefur verið hrundið af stað í samvinnu við fyrirtæki, félög og einstaklinga víðsvegar um landið. Það er einnig sérstakt ánægjuefni hversu víðtækt samstarf hefur tekist með sjóðunum og stjórnun þeirra, þó þeir séu starfræktir í tvennu lagi. Það lýsir auðvitað samstarfsviljanum og því andrúmslofti samstöðu sem einkennt hefur starfið innan Starfsgreinasambandsins á fyrsta starfsárinu. Án þess að ég ætli að kveða upp úr um það hér, velti ég því fyrir mér hvort ekki sé tímabært að fara að huga að sameiningu þessara sjóða.

Þó svo starfs- og endurmenntunarstarfið innan Starfsgreinasambandsins hafi verið öflugt, hefur framkvæmdastjórn sambandsins lagt sérstaka áherslu á einn þátt fræðslumálanna í viðbót. Það er innri fræðslan, það sem við höfum kosið að kalla forystufræðslu.

Í mínum huga er forystufræðslan eitt af lykilverkefnum verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum. Mikilvægi slíkrar fræðslu blasir við í mínum huga. Ég ætla samt að ítreka það í nokkrum orðum hér. Þeir sem hafa verið í þessu ati jafn lengi og ég vita að við tínum ekki fullskapaða forystumenn upp af götunni. Við vitum það líka að verkefnin í dag eru fleiri og flóknari heldur en þegar ég var að stíga mín fyrstu spor.

Forystumaður þarf að vera virkur í að skilgreina verkefnin og sjá til þess að þau séu unnin. Hann þarf að vera að einhverju leyti inni í öllum málum, án þess þó að hann geti verið sérfræðingur í þeim öllum. Hann þarf að geta talað við fólk, bæði sína eigin félagsmenn og aðra, þar með talið fjölmiðla. Færni í mannlegum samskiptum er því einn af höfuðkostunum sem þarf að prýða hvern forystumann í verkalýðfélagi. Þegar ég held því fram að þetta þurfi að þjálf, þá er ég ekki halda því fram að það sé hægt að búa til forystumann úr engu. Sumir eiginleikar þurfa að vera til staðar frá upphafi og hreinlega meðfæddir. Það þarf hins vegar að þjálf þá upp og sumt þarf að þjálf algerlega frá núllpunkti.

Við höfum leyst þetta þannig lengst af, að við veljum eðlisgreinda einstaklinga, kjósum þá til forystu og köstum þeim út í hringiðuna. Síðan krossleggjum við fingurna og vonum að þeir vaxi upp í hlutverkið. Stundum tekst það og stundum ekki.

Það hefur verið vaxandi umræða í hreyfingunni um þörfina á að nálgast þetta með nýjum hætti. Fólk er farið að átta sig á því að eðlisgreindin ein og sér dugar ekki í því flókna starfsumhverfi sem við búum við í dag.

Við þurfum að byrja fyrr. Við þurfum að sigta út efnilegt fólk og fræða það og þjálf. Með því spörum við tíma og bætum

árangurinn af starfinu, því með þessu móti verða þeir tilbúnari til að takast á við verkefnið þegar þeir eru kjörnir til forystu. Þeir þurfa ekki að eyða löngum tíma í að vaxa upp í hlutverkið.

Ég neita því ekki að ég hefði kosið að sjá meiri þátttöku í forystufræðslunni, en við erum bara rétt að byrja og engin ástæða til að leggja árar í bát. Ég er sannfærður um að þetta starf á eftir að skila okkur miklu í framtíðinni. Það á eftir að skila okkur betri félögum, öflugri verkalýðshreyfingu og þar með meiri árangri í starfinu fyrir okkar fólk.

Annars ætla ég ekki að fara nánar út í starfið á þessu fyrsta starfsári, því Kristján Bragason, framkvæmdastjóri kemur til með að gera því ítarleg skil í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra hér á eftir. Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um það sem liggur fyrir á næstu mánuðum.

Stærsta viðfangsefnið sem blasir við okkur á þessari stundu er endurskoðunin á launalið kjarasamninganna sem fram fer í febrúar. Í febrúar síðastliðinn tókst okkur að knýja fram nokkra leiðréttingu, án þess að þurfa að segja upp launaliðnum. Við bárum gæfu til þess að koma að því máli sameiginlega.

Ég væri ekki heiðarlegur ef ég héldi því fram að horfurnar á að okkur takist að komast í gegnum þetta mál með sama hætti væru góðar. Ástandið í efnahagsmálunum hefur því miður versnað til muna síðan, verðbólga mælist nú meiri en um árabil og mikill óróleiki um íslensku krónunna. Og víst er að óstjórn ríkisstjórnarinnar og aðgerðaleysi Seðlabankans bæta engan veginn horfurnar.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki setið auðum höndum, og horft upp á þessa atburðarás aðgerðalaus. Í vor bentum við á leiðir til að draga úr verðbólgu og lækka vexti hröðum skrefum. Að þessum tillögum var ekki farið, heldur "vonuðust" menn til þess að þetta myndi lægja með haustinu þvert á okkar ábendingar. Ég held því fram fullum skrefum að ríkisstjórnin sé að súpa seyðið af því núna. En fleira kemur til. Ríkisstjórnin er nýlega búin að kynna fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár og í tengslum við það frumvarp um aðgerðir í skattamálum. Fjárlagafrumvarpið og sú stefna í efnahagsmálum sem það boðar er mikil vonbrigði og gangi það eftir kemur það ekki til með að létta okkur róðurinn í febrúar. Áfram er gert ráð fyrir útpenslu hins opinbera og samdrætti í kaupmætti og atvinnu okkar fólks. Í ofanálag hefur ríkisstjórnin kynnt umfangmestu aðgerðir í skattamálum um árabíl. Þar er m.a. gert ráð fyrir hækkun tryggingagjaldsins, en það þýðir að launakostnaður fyrirtækjanna eykst. Þó þetta komi ekki til framkvæmda fyrr en um áramótin 2003, þá er ljóst að það er að miklu leyti búið að taka frá fyrirtækjunum svigrúmið til þeirra leiðréttinga á kjörum sem nauðsynlegt er að gera ef forsendur kjarasamninga eiga að standast.

Þrátt fyrir að það væru að mörgu leyti eðlileg viðbrögð af okkar hálfu á þessum tímapunkti að samþykkja harðar ályktanir um uppsögn samninga, er ég þeirrar skoðunar að það væri ekki skynsamlegt af mér eða okkur á þessum ársfundi að kveða uppúr um það að samningunum verði sagt upp. Þetta er einfaldlega ekki rétti tímapunkturinn til þess. Endurskoðunin er ekki fyrr en í febrúar og það getur ýmislegt gerst á mánuðunum fram að því. Það er hins vegar alveg ljóst að ástandið í hagkerfinu og þessi nýjustu útspil ríkisvaldsins gera þá vinnu ekkert auðveldari. Samskipta- og samráðsleysi forsætisráðherra við verkalýðshreyfinguna er að sama skapi áberandi og engu líkara en Davíð hafi ákveðið að slíta þessu

samstarfi, sem staðið hefur yfir síðan hann tók við völdum fyrir tíu árum.

Í þessu sambandi þykir mér ekki úr vegi að rifja upp hvernig ýmsir forverar hans í starfi höguðu sér gagnvart verkalýðshreyfingunni. Þá er ég til dæmis að vísa til ársins 1963, þegar Ólafur Thors, þáverandi forsætisráðherra dró til baka óvinsælar aðgerðir sem ríkisstjórn hans hugðist grípa til. Og af hverju dró hann þær til baka? Af því að verkalýðshreyfingin lét með skýrum hætti í ljós andstöðu sína við þær.

Við getum líka rifjað það upp, að annar virtur forsætisráðherra leitaði sérstaklega eftir samstarfi við verkalýðshreyfinguna um aðgerðir árið 1964.

Báðir þessir menn skildu og virtu mikilvægi þess að grípa ekki til aðgerða á erfiðum tímum sem gengu þvert á vilja verkalýðshreyfingarinnar. Þeir voru það miklir leiðtogar að þeir voru tilbúnir að draga til baka áform og ákvarðanir til þess að ná nauðsynlegri sátt um mál, í stað þess að keyra þau áfram af offorsi.

Miðað við tóninn í forsætisráðherra núna er ólíklegt að hann feti í fótspor þessara fyrirrennara sinna. Við skulum því vera alveg raunsæ í mati okkar á aðstæðum. Við þær aðstæður sem nú ríkja er erfitt að sjá fyrir sér að hægt verði að komast í gegnum endurskoðun launaliðarins með jafn sársaukalitlum hætti og síðast. Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins á eftir að fara ítarlega yfir stöðuna í kjara- og efnahagsmálum á fundinum á morgun og kemur til með að fara betur yfir þessi mál.

Hvert svo sem mat okkar verður í febrúar og hver sem efnisleg niðurstaða málsins verður þá, þá er eitt alveg ljóst í mínum huga. Til að niðurstaðan verði einhvers virði fyrir okkar fólk og okkur sem hreyfingu, verðum við að standa saman um hana. Við verðum að ganga í takt. Ekki bara í febrúar, heldur í allri undirbúningsvinnunni fram að því. Okkur hefur tekist það á þessu ári og það eru engin teikn um að okkur takist það ekki í framtíðinni. Slíkur er árangurinn af starfi okkar á þessu fyrsta starfsári.

Við eigum eftir að fjalla ítarlega um kjaramálin á þessum ársfundi, en það eru fleiri mikilvæg mál til umræðu og umfjöllunar í málefnanefndum. Í einni verður rætt um atvinnu- og byggðamál og í annarri um starfsmenntamálin sem hafa verið svo ofarlega á baugi að undanfögnu. Tvær nefndir munu síðan fjalla um innri mál sambandsins, önnur um fjárhagsmálin og hin um lagamálin. Það er síðan sérstök ástæða til að vekja athygli á málstofu um húsnæðismál sem haldin verður í tengslum við fundinn síðdegis í dag. Þar verður fjallað um stöðuna eins og hún er í húsnæðismálum í dag og hvernig hún blasir við mörgu af okkar fólk. Jafnframt fáum við að kynnst sjónarmiðum félagsmálaráðuneytisins og vonandi hugmyndum úr þeirri átt sem miða að því að lagfæra ástandið sem er óneitanlega erfitt hjá mörgum fjölskyldum.

Ágætu félagar.

Í upphafi máls míns vitnaði ég oft í setningarræðuna sem ég flutti á stofnfundi Starfsgreinasambandsins fyrir ári síðan. Ég ætla að gera það einu sinni enn. Í lok ræðu minnar þá sagði ég: **Samstarf við aðra krefst hæfilegs sveigjanleika, tillitssemi og umburðarlyndis. Friðsöm sambúð á stóru heimili er list hins mögulega. Þá list þurfum við að temja okkur og við skulum byrja hér í dag.**

Það verður að segjast alveg eins og er, að þetta hefur okkur gengið betur en jafnvel þau bjartsýnustu okkar þorðu að vona. Okkur hefur tekist ótrúlega vel að vinna úr þeim vandamálum sem að okkur steðjuðu fyrir ári síðan. Við höfum ýtt þeim aftur fyrir okkur, vonandi um ókomna framtíð. Ég held að það sé ekkert óraunhæft að vona þetta. Við þurfum ekki annað en að líta til baka til nýlegs framkvæmdastjórnarfundar í Stykkishólmi. Þar var einingin algjör. Allir töluðu einum rómi. Verkefnum eru sameiginleg og við finnum lausnirnar í sameiningu. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli í verkefnum næstu mánaða. Ef við nálgumst þau sameiginlega og stöndum saman um þá félagslegu niðurstöðu sem við náum – hver svo sem hún verður – þá þurfum við ekki að kvíða framtíðinni. Þetta eru skilaboðin sem við skulum senda félögum okkar af þessum ársfundi. Þetta eru skilaboðin sem við skulum senda út í þjóðfélagið allt.

Fyrsti ársfundur Starfsgreinasambands Íslands er settur!